

Mánudaginn 12. október 1959.

Nr. 28/1959. **Karólína Jósefsson** (Magnús Thorlacius hrl.)
 gegn
Jóhannesi Jósefssyni
 (Gunnar Þorsteinsson hrl.)
 og til réttargæzlu
 gegn
Péttri Daníelssyni og
Ragnari Guðlaugssyni
 (Benedikt Sigurjónsson hrl.)
 og
Jóhannes Jósefsson
 gegn
Karólínu Jósefsson.

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson, prófessor Ármann Snævarr og Valdimar Stefánsson sakadómari.

Ráðstöfunarréttur mannsins yfir félagsbúi hjóna.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. febrúar 1959 og gert þær dómkröfur *aðallega*, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað til meðferðar fyrir héraðsdómi af nýju, en *til vara*, að yfirlýsing gagnáfrýjanda, dags. 4. júní 1958, verði dæmd ógild og óskuldbindandi fyrir félagsbú málsaðilja. Loks krefst hún málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi, sem hefur áfrýjað málinu með stefnu 20. febrúar 1959, krefst þess, að ómerkingarkröfunni verði hrundið, honum dæmd sýkna og málskostnaður úr hendi aðaláfrýjanda eftir mati dómsins.

Réttargæzlustefndu krefjast staðfestingar á héraðsdómi og málskostnaðar af aðaláfrýjanda eftir mati dómsins.

I.

Um ómerkingarkröfuna.

Aðaláfrýjandi reisir kröfu sína um ómerkingu héraðsdóms í fyrsta lagi á því, að héraðsdómariinn hefði átt að víkja sæti í málinu, þar sem hann hafi eigi mátt líta óhlutdrægt á mála-vexti, en eigi hefur hún fært fram neinar ástæður, sem hald sé í, fyrir þessari staðhæfingu sinni, og verður henni því eigi sinnt.

Í öðru lagi byggir aðaláfrýjandi ómerkingarkröfuna á því, að héraðsdómari hafi eigi dæmt þá kröfu sína fyrir héraðsdómi, að yfirlýsing gagnáfrýjanda frá 4. júní 1958 yrði dæmd ógild, og vísar hún til þeirra ummæla héraðsdóms, að sakarefni málsins sé það eitt, hvort gagnáfrýjandi „hafi haft þann ráðstöfunarrétt á félagsbúi þeirra hjóna, sem felst í yfirlýsingu hans frá 4. júní 1958“. Engin rök dómskapaeðlis eru því til fyrirstöðu, að dómur sé lagður á kröfu aðaláfrýjanda, að tilboð gagnáfrýjanda til réttargæzlustefndu frá 4. júní 1958 sé dæmt ógilt. Hæfa því hin tilvitnuðu ummæli héraðsdómara að vísu eigi í mark, en eigi þykir næg ástæða til að ómerkja héraðsdóm af þessum sökum, þar sem héraðsdómari hefur eigi vísað kröfu aðaláfrýjanda frá dómi, heldur fjallað um málsástæður þær, er efni sakar varðar.

II.

Um efni málsins.

Gagnáfrýjandi hafði samkvæmt 11. gr. laga nr. 3 frá 1900 skýlausa heimild til að gera réttargæzlustefndu tilboð um sölu Hótel Borgar ásamt innanstokksmunum og áhöldum innan húss, það er greinir í yfirlýsingu hans 4. júní 1958, og eigi er í ljós leiddur neinn sá ljóður á ráði hans, er valda eigi ógildingu tilboðsins.

Ber því að staðfesta héraðsdóminn að niðurstöðu til.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða upp í málskostnað fyrir Hæstarétti kr. 25.000,00 til gagnáfrýjanda og kr. 5.000,00 til réttargæzlustefndu.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Karólína Jósefsson, greiði upp í málskostnað fyrir Hæstarétti gagnáfrýjanda, Jóhannesi Jósefssyni, kr. 25.000,00 og réttargæzlustefndu, Pétri Daníelssyni og Ragnari Guðlaugssyni, kr. 5.000,00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 17. febrúar 1959.

Mál þetta, sem dómtekið var 4. þ. m., hefur Karólína Jósefsson, til heimilis að Hótel Borg hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 3. júlí 1958, á hendur Jóhannesi Jósefssyni, til heimilis á sama stað. Gerir stefnandi þær dómkröfur, að yfirlýsing stefnda, Jóhannesar, dags. 4. júní 1958, verði dæmd ógild og óskuldbindandi fyrir félagsbú stefnanda og stefnda og að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu. Stefndi hefur krafizt algerrar sýknu af öllum kröfum stefnanda og að honum verði dæmdur ríflegur málskostnaður úr hendi hennar.

Til réttargæzlu í máli þessu hefur stefnandi stefnt Pétri Daníelssyni, Bollagötu 1, og Ragnari Guðlaugssyni, Víðimel 59, báðum hér í bæ. Í greinargerð gerðu réttargæzlustefndu þær dómkröfur, að þeir yrðu sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og dæmdur málskostnaður úr hennar hendi að mati dómarans. Við munnlegan flutning málsins breyttu þeir kröfugerð sinni og krefjast nú sýknu til handa stefnda, Jóhannesi, en málskostnaðar sem fyrr greinir.

Aðiljar máls þessa, Karólína Jósefsson og Jóhannes Jósefsson, gengu í hjónaband 6. febrúar 1908. Engir samningar liggja fyrir, hvernig fara skuli um fjármál þeirra á milli eða gagnvart þriðja manni. Hinn 5. júní 1958 vottar dómprófasturinn í Reykjavík, að árangurslaus sáttaumleitan hafi farið fram með aðiljum vegna fyrirhugaðs skilnaðar þeirra, og var hjónaskilnaðarmálið tekið fyrir hjá yfirvaldi 6. og 9. júní s. á. Eigi náðist samkomulag um skiptingu eigna, og var þá beiðzt opinberra skipta á búi aðilja, og hófst uppskrift á því hinn 12. júní. Þann dag var lögð fram í skiptarétti Reykjavíkur yfirlýsing sú, er mál þetta er risið út af og lögð hefur verið fram sem dskj. nr. 4, svo hljóðandi:

„Yfirlýsing.

Undirritaður gefur hér með Péttri Danielssyni og Ragnari Guðlaugssyni eða hlutafélagi, er þeir kunna að stofna, kost á að kaupa fasteign mína, Hótel Borg, lóð og byggingar og innan-stokksmuni og áhöld öll innan húss, er gisti- og veitingahúsinu til heyrir, fyrir kr. 18.200.000,00 (átján milljónir og tvö hundruð þúsundir) gegn neðangreindum skilyrðum:

1. Útborgun kr. 6.000.000,00 við afsal.
2. Eftirstöðvar, kr. 12.200.000,00, verði tryggðar með 1. veðrétti í hinni seldu eign, greiðist upp á 18—20 árum og beri 5½—6% vexti. Þó skal álagður stóreignaskattur, ca. kr. 2.200.000,00, verði hann ekki niður felldur fyrir afsal, koma hér inn í og til frádráttar (kr. 12.200.000,00), og taki þá kaupendur að sér að greiða hann sem sína skuld samkv. þeim skilyrðum, sem ákveðin eru eða verða af hálfu hins opinbera.
3. Afhending fer fram samkv. samkomulagi.
4. Öll önnur atriði fara eftir samkomulagi milli aðilja.
5. Tilboð þetta er ég bundinn við til 1. okt. 1958.

Reykjavík, 4. júní 1958.

Jóh. Jósefsson.“

Hefur stefnandi haldið því fram, að yfirlýsing þessi sé óskuldbindandi og ógild gagnvart félagsbúi þeirra hjóna, enda er þess krafizt, að staðfest verði með dómi, að svo sé.

Stefnandi hefur hvorki í stefnu né í greinargerð bent á nein lagarök til stuðnings dómkröfum sínum. Við munnlegan flutning málsins var því hins vegar haldið fram af hennar hálfu, að sakarefnið félli undir 20. gr. laga nr. 20 frá 20. júní 1923, um skyldur og réttindi hjóna, enda væru lög nr. 3 frá 12. janúar 1900, um fjármál hjóna, löngu úr gildi gengin, þar sem þau lög samrýmdust ekki lengur hugmyndum manna um réttarstöðu konunnar í þjóðfélaginu eða jafnrétti karla og kvenna. Þessari málsástæðu mótmæltu lögmenn stefnda og réttargæzlustefndu, sem töldu, að dæma bæri sakarefnið eftir ákvæðum 11. gr. laganna frá 1900.

Eins og að framan greinir, gengu stefnandi og stefndi í hjónaband á árinu 1908 og hafa engan sérsamning gert um fjármál sín. Með setningu laga nr. 20 frá 1923 voru lögin nr. 3 frá 1900 ekki felld úr gildi, heldur skyldu þau, eins og segir í 90. gr. laganna frá 1923, gilda áfram um fjárhagslega afstöðu hjóna hvors til

annars og gagnvart þriðja manni, ef hjónabandið væri stofnað fyrir 1. janúar 1924 og hjónin hefðu ekki samið svo um samkvæmt nánar tilgreindum reglum, að um fjármál þeirra skyldi fara eftir ákvæðum hinna yngri laga. Við endurskoðun og gerbreytingu á grundvallarreglum laganna nr. 3 frá 1900 hefur löggjafarvaldið þannig afdráttarlaust kveðið svo á, að þau lög geti engu að síður haldið gildi sínu og að leggja beri ákvæði þeirra til grundvallar í vissum tilvikum. Að þessu athuguðu þykir því ekki unnt að fallast á það með stefnanda, að heimilt sé að sniðganga ákvæði laga nr. 3 frá 1900 í máli þessu, en samkvæmt 11. gr. þeirra laga hefur maðurinn einn umráð yfir félagsbúinu. Hann hefur ótvíræða heimild til að selja af eignum þess, jafnvel þótt um verulegar eignir sé að ræða eða langmestan hluta af eignum félagsbúsins. Þessi ráðstöfunarréttur mannsins er að vísu nokkrum takmörkunum háður, eins og nánar getur í 11. gr. laganna, en þær takmarkanir skipta ekki máli hér. Niðurstaðan verður því sú, að stefndi hafi haft heimild til að gefa út skuldbindandi yfirlýsingu fyrir félagsbú hans og stefnanda samkvæmt 11. gr. laga nr. 3 frá 1900. Verður þá fyrir að kanna, hvort stefnandi hafi hnekkst þessari heimild stefnda með öðrum málsástæðum, sem hafðar voru uppi við munnlegan flutning máls þessa.

Af hálfu stefnanda var því haldið fram, að yfirlýsing stefnda frá 4. júní 1958 fæli ekki í sér tilboð, heldur aðeins áskorun um að gera tilboð. Þar af leiddi, að bréf réttargæzlustefndu frá 11. júlí 1958 fæli ekki í sér samþykki, heldur lýsti aðeins vilja þeirra til að halda áfram samningsumleitunum, enda væri hlutafélag það, sem þar er minnst á, ekki enn stofnað. Telur stefnandi, að félagsbú hennar og stefnda geti ekki verið bundið af þessu.

Sakarefni máls þessa er ekki það að skera úr um, hvort bindandi samningur hafi komið á milli stefnda og réttargæzlustefndu um sölu eignanna, heldur einungis hitt, hvort stefndi hafi haft þann ráðstöfunarrétt á félagsbúi þeirra hjóna, sem felst í yfirlýsingu hans frá 4. júní 1958. Verður ekki séð, að þessi málsástæða stefnanda hnekkji á nokkurn hátt heimild stefnda samkvæmt 11. gr. laga nr. 3 frá 1900.

Þá er því haldið fram af stefnanda, að söluverð Hótel Borgar í samningstillraunum stefnda og réttargæzlustefndu sé ákveðið allt of lágt, og bendir stefnandi í því sambandi á matsgerð dómkvaddra matsmanna, sem lokið var 15. desember 1958, en þar

eru umræddar eignir metnar á kr. 23.700.000,00. Lögmenn stefnda og réttargæzlustefndu hafa mótmælt mati þessu sem málinu óviðkomandi, en benda jafnframt á, að vísitala byggingarkostnaðar hafi hækkað um 17 stig á tímabilinu júní til desember á sl. ári, og sé reyndar algerlega ósannað, að unnt sé að fá kauptilboð í eignirnar jafnhátt matsfjárhæðinni. Stefnandi hefur ekki sýnt fram á nein lagarök, er hnígi að því, að umræddur verðmismunur hafi áhrif á fyrrnefnda ráðstöfunarheimild stefnda, enda verður ekki séð, að svo sé.

Enn er því haldið fram af hálfu stefnanda, að yfirlýsingin frá 4. júní 1958 sé einungis fram komin vegna fyrirhugaðra slita á fjárfélagi aðilja í þeim tilgangi að skjóta fé undan búinu, enda hafi stefndi í hyggju að vera aðaleigandi í fyrirhuguðu hlutafélagi. Telur stefnandi yfirlýsinguna tortryggilega tímans vegna. Gegn eindregnum mótmælum stefnda svo og réttargæzlustefndu verður ekki talið, að stefnandi hafi sannað þessar fullyrðingar sínar. Hefur stefndi bent á, að hann hafi nú um nokkurt árabíl reynt að ná samningum við ýmsa aðilja um sölu á Hótel Borg, en samningsumleitanir hans og réttargæzlustefndu hafi hafizt í desembermánuði 1957 og salan verið fastmælum bundin með þeim hinn 15. apríl 1958, þótt staðfest sölutilboð hafi eigi verið gefið fyrr en 4. júní sl. Liggur og fyrir viðurkenning stefnanda um það, að henni hafi verið kunnugt um fyrirhugaða sölu í lok þingtímans á sl. vori, þ. e. áður en krafa hennar um hjónaskilnað var gerð.

Við munnlegan flutning málsins hafði umboðsmaður stefnanda, Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður, uppi þá málásástæðu, að stefndi, Jóhannes, hefði eigi verið heill á geðsmunum, þegar hann átti í samningsumleitunum við réttargæzlustefndu og gaf yfirlýsinguna frá 4. júní 1958. Þessari málásástæðu sinni til stuðnings las lögmaðurinn kafla úr allmörgum einkabréfum, sem stefndi hafði skrifað dóttur sinni, Heklu, á árunum 1946—50 og lögð hafa verið fram í málinu. Ekki verður séð, að umrædd bréf gefi nokkurt tilefni til fullyrðinga lögmannsins og órökstuddra staðhæfinga hans um þetta efni.

Úrslit máls þessa verða því þau, að stefndi hafi samkvæmt 11. gr. laga nr. 3 frá 1900 haft heimild til að gefa yfirlýsinguna frá 4. júní 1958, þannig að skuldbindandi sé fyrir félagsbú hans og stefnanda.

Með tilliti til allra málsatvika þykir rétt, að stefnandi og stefndi beri hvort um sig kostnað sinn af málinu.

Eigi þykja efni til að taka málskostnaðarkröfu réttargæzlu-stefndu til greina.

Eins og fyrr segir, þá greinir lögmaður stefnanda hvorki í stefnu né svokallaðri greinargerð lagarök til stuðnings dómkröfum stefnanda. Samrýmist þetta ekki meginreglum laga nr. 85 frá 1936, sbr. 110. gr., um skýran og greiðan málflutning. Ber að víta lögmanninn fyrir þennan málatilbúnað.

Lögð hefur verið fram skýrsla stefnanda, Karólínu Jósefsson. Er þar farið ýmsum óviðurkvæmilegum ummælum um stefnda, sem eru máli þessu óviðkomandi. Verður að víta þetta.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Jóhannes Jósefsson, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Karólínu Jósefsson.

Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 14. október 1959.

Nr. 48/1959. **Ákærvaldið** (Einar B. Guðmundsson hrl.)
 gegn
Roland Pretious (Gísli G. Ísleifsson hdl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómaramennir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Theodór B. Línal.

Fiskveiðibrot.

Dómur Hæstaréttar.

Staðarákvarðanir varðskipsins Þórs hinn 1. febrúar 1959, er í málinu greinir, framkvæmdu Garðar Pálsson, 1. stýrimaður, og Bjarni Ólafur Helgason, 2. stýrimaður, undir umsjón skipherrans, Eiríks Kristóferssonar. Eru niðurstöður skipstjórnarmannanna eftir eiðfestu vætti þeirra raktar í héraðsdómi. Þá hefur Friðrik V. Ólafsson, skólastjóri Stýrimannaskólans, eftir uppsögu héraðsdóms markað greindar staðarákvarðanir á sjóupprátt. Reyndist staður togarans kl.